

Markaðspunktur í dag:

Verðbólga í desember mælist 0,36%

Verðbólga í desember mælist 0,36%


Vísitala neysliverðs (VNV) hækkaði um 0,36% í desember frá fyrri mánuði samkvæmt nýrri verðmælingu Hagstofunnar. Ársverðbólgan hækkar því lítillega milli mánaða og fer úr 5,2% í 5,3% í desember. Verðbólgan var heldur meiri en greiningardeild gerði ráð fyrir en við spáðum 0,2% hækkun VNV í desember. Helsta frávik frá okkar spá var rífleg hækkun á mat og drykkjarvörum, einnig var hækkun flugfargjalda meiri en við áætluðum.

Erfitt er að gera sér fyllilega grein fyrir því hvað veldur svo mikilli hækkun á mat og drykkjarvörum nú, en væntanlega eru kaupmenn að nýta jólamánuðinn til að velta kostnaðarhækkunum fyrr á árinu yfir á neytendur. Ef við horfum á matar- og drykkjarliðinn síðastliðin ár virðist desembermánuður nú nokkuð skera sig úr. Þó mátti sjá svipaðar hækkunir á matarliðnum á árunum 2007 og 2008, en þær mátti helst rekja til óstöðugleika í gengi krónunnar, sem varla er hægt að kenna um nú. Eins og við fjölluðum um í gær þá hefur verðbólga framleiðsluvara að undanförunu verið umfram almennar hækkunir á vísitölu neysliverðs. Uppsöfnuð þörf innlendra framleiðenda til að velta hrávöruhækkunum yfir á neytendur kann að skýra það mikla stökk sem nú verður í matarliðnum í desembermánuði. Í Markaðspunktum í gær kom einmitt fram að framleiðendur virðast eiga auðveldara með að hækka verð sín yfir hátíðirnar, en neytendur setja verðhækkunir eflaust síður fyrir sig þegar kaupa á í jólamatinn.

Að mati greiningardeildar er enn útlit fyrir að ársverðbólgan muni fara lækkandi þrátt fyrir að umtalsverð verðbólga sé í pípunum í febrúar og mars. Veiking krónunnar á síðustu vikum leiðir til þess að bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða hækkar lítillega.

Matur og drykkjarvörur

- áhrif á VNV




Helstu atriði í desembermælingunni:

- **Matur og drykkur hækka.** Eins og áður hefur komið fram þá varð hressileg hækkun á mat og drykkjarvörum í desember. Einkum var það verð á kjöti og ávöxtum sem sögðu til sín í mánuðinum. Í heild hækkaði liðurinn um 1,69% frá nóvembermánuði en áhrifin eru sterk þar sem matur og drykkjarvörur endurspeglar tæplega 15% af VNV. *Áhrif í desember á VNV +0,25%.*
- **Flugfargjöld hækka.** Líkt og við var að búast þá hækkuðu flugfargjöld í desember og voru áhrifin +0,12. Við gerðum þó ráð fyrir að liðurinn yrði hófstiltari enda hefur þróunin síðustu mánuði verið í þá veru (ólíkt því munstri sem hefur verið síðastliðin ár). Varfærið mat byggði sömuleiðis á því að í mælingaviku Hagstofunnar var óvenju mikið um tilboð á flugmiðum til útlanda. Gera má ráð fyrir að þessi hækkun gangi að verulegu leyti til baka í janúar. *Áhrif á VNV í desember: +0,12.*
- **Húsnæði, hiti og rafmagn hækka.** Húsnæðisliðurinn í heild sinni hækkaði 0,32% milli mánaða en vægi hans eru tæp 25% í VNV. Einkum var það reiknuð húsaleiga (sem endurspeglar markaðsverð húsnæðis) sem hafði mest áhrif til hækunar VNV. Þrátt fyrir að húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hafi staðið í stað í desember (milli mánaða) sjáum við fyrir okkur að liðurinn hafi áfram áhrif til hækunar VNV þar sem tekið er meðaltal verðbreytinga síðustu þriggja mánaða (á landinu öllu). *Áhrif á VNV í desember: +0,08%.*
- **Eldsneytisverð lækkar.** Áhrif af lækkandi heimsmarkaðsverði á eldsneyti komu fram í VNV í desember. Búast má við að liðurinn muni hækka á næstunni m.a. þar sem heimsmarkaðsverð hefur haldist nokkuð stöðugt en á sama tíma hefur bandaríkjadalur styrkst umtalsvert gagnvart krónu. Við það bætast svo skattahækkunir hins opinbera. *Áhrif á VNV í desember: -0,05.*

Helstu áhrifaþættir verðbólgunnar í desember

-áhrif til hækunar/lækkunar á VNV




Bráðabirgðaspá næstu mánaða:

Að mati greiningardeildar er útlit fyrir að 12 mánaða verðbólga eigi eftir að hækka á fyrstu mánuðum næsta árs. Tólf mánaða takturinn fer úr 5,3% í desember upp í 5,6% í janúar. Ársverðbólgan mun ekki taka að lækka á ný fyrr en í marsmánuði gangi spáin eftir.

- **Janúar: -0,4%,** við gerum ráð fyrir svipuðum útsöluáhrifum og síðustu ár (-0,8%). Á móti útsöluáhrifunum koma hins vegar skatta- og gjaldskrárhækkunir á vegum hins opinbera en heildaráhrifin verða líklega á bilinu 0,3-0,4% til hækunar á VNV í janúar. Hækkun á áfengisgjaldi og eldsneyti mun hafa tæplega 0,2% áhrif til hækunar VNV (eldsneyti dreifist á 2 mánuði). Einnig munu hækkanir á dagvistunargjöldum sem og árafmagni og hita leggja um 0,1-

0,2% til hækkunar VNV. Um þetta ríkir þó enn óvissa. Flugfargjöld lækka í janúar (-0,1%).

- **Febrúar: +1,1%**, útsöluáhrif ganga að hluta til baka (+0,5%) og flugfargjöld hækka. Sömu leiðis halda skatta- og gjaldskrárhækkunar áfram að skila sér út í verðlag. Einnig má búast við árstíðarbundnum hækkunum á símaþjónustu, tólmstundum og menningu svo dæmi séu tekin.
- **Mars: 0,9%**, útsöluáhrif ganga að fullu til baka (+0,3%). Húsnæðisliðurinn hækkar áfram en flugfargjöld lækka lítillega. Árstíðarbundnar hækkunar ásamt áhrifum af veikara gengi krónunnar koma fram í verðlagi.



Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Þorbjörn Atli Sveinsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuferni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is